

Ed.

115. Nefndarálit

[10. mál]

um frv. til laga um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á tveim fundum og borið það saman við þau lagaákvæði um verðlagsuppbót til opinberra starfsmanna, sem gilt hafa undanfarið.

Með frv. er lagt til að lögfesta til frambúðar þá skipan, sem gildir á þessu ári um greiðslu verðlagsuppbótar til opinberra starfsmanna. Telur nefndin, að það gangi í rétta átt.

Nefndin telur nauðsynlegt að gera ákvæði 3. gr. frv. skýrari og kveða á um það, hvernig með skuli fara, þegar ekki reynist unnt að fá endurgreiðslu hjá stofnun þeirri, er lífeyrisþegi tók laun sín hjá, t. d. vegna þess, að stofnunin er lögð niður. Virðist þá ekki annað fyrir hendi en að ríkissjóður hlaupi undir bagga. Nefndin ber því fram brtt. um að umorða 3. gr. Einn nefndarmanna (HG) áskilur sér rétt til að bera fram fleiri brtt.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Á lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennara, Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og Lífeyrissjóði ljósmæðra skal, auk 15% uppbótar þeirrar, er tíðkamt hefur, greiða verðlagsuppbót eftir sömu reglum og greidd er á laun starfsmanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún er ekki þegar innifalin í lífeyrinum. Hlutaðeigandi lífeyrissjóður annast útborgun uppbóta þessara gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþeginn tók laun sín hjá. Nú reynist ekki unnt að fá endurgreiðslu frá hlutaðeigandi stofnun, og endurgreiðir ríkissjóður þá hlutaðeigandi lífeyrissjóði þann hluta, er stofnuninni bar að greiða.

Alþingi, 1. nóv. 1954.

Bernharð Stefánsson,
form., frsm.

Lárus Jóhannesson,
fundaskr.

Karl Kristjánsson.

Gísli Jónsson.

H. Guðmundsson.